ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



Útg.: KOMMÚNISTAFLOKKUR ÍSLANDS/ML 11. tbl. 5. árg. 1/6 1976.

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands/ml. STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega. Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík. Sími: 27810. Gíró: 27810. Ábm: Sig. I. Andrésson

Áskriftasími blaðsins er 27810

ENGA SAMNINGA!

BEYGJUM OKKUR EKKI FYRIR OFBELDINU!

MÓTMÆLIÐ SAMNINGUNUM VIÐ BRESKU HEIMSVALDA-SINNANA

VERKAFÓLK, það er augljóst hvað ríkisstjórnin hyggst gera. Eina leiðin til þess að hindra að samið verði gegn vilja okkar er öflug andspyrna alþýðunnar.

Kommúnistaflokkur Íslands/ML skorar á verkafólk að svara svikum ríkisstjórnarinnar með verkföllum og öðrum aðgerðum gegn samningamakkinu.

Því fleiri mótmælayfirlýsingar - því fleiri mótmælafundir - því fleiri verkföll, - þess meiri líkur eru á sigri.

BARÁTTA FJÖLDANS FÆRIR SIGUR

FULL YFIRRÁÐ YFIR 200 MÍLUM!

Ályktun frá miðstjórn KFÍ/ML

Sýnt þykir, að ríkisstjórnin ætlar sér að semja við breta, þrátt fyrir einhuga vilja íslenskrar alþýðu, um að engir samningar verði gerðir og full og óskoruð yfirráð yfir 200 mílna landhelgi verði tryggð. Full ástæða er til að ætla, að tíminn til samninga hafi verið valinn, með tilliti til þess, að Alþingi hefur farið í sumarleyfi og því líkur á að minni umræður verði um samningana en ella.

Miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands/ML fordæmir þær starfsaðferðir, sem ríkisstjórnin viðhefur í landhelgisdeilunni við breta. Hafa ber í huga, að einmitt nýlega viðurkenndi breska stjórnin, að fiskveiðar breta undir herskipavernd við Íslandsstrendur hafi ekki borið tilætlaðan árangur og að heildaraflinn á ársgrundvelli gæti alls ekki orðið meiri en um 60 þús. tonn. Ríkisstjórnin bauð á sínum tíma nærfellt 80 þús. tonn í samningaviðleitni sinni við breta og við teljum líklegt að svipað muni verða uppi á teningnum nú.

Samningaumleitanir ríkisstjórnarinnar við breta fela því ekki í sér skerðingu á ólögmætum veiðum breta við Íslandsstrendur, heldur þögla viðurkenningu á rétti breta til að fremja þá rányrkju, sem þeir hafa stundað á Íslandsmiðum. Þær tákna raunverulega uppgjöf frammi fyrir því vopnaða ofbeldi, sem sjóræningjar bresku heimsvaldastefnunnar hafa beitt íslensk varðskip.

Sérstaklega vill KFÍ/ML taka eftirfarandi fram:

1. Á nýafstaðinni ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál, hlaut 200 mílna fiskveiðilögsagan alþjóðlega viðurkenningu. Einmitt þess vegna má enga uppgjöf sýna gagnvart hernaðarofbeldi breta, þegar líkur eru á að alþjóðleg fordæming falli þeim í skaut fyrir verknaði sína við strendur Íslands.
2. Samningunum sem þegar hafa verið gerðir við m.a. V-Þjóðverja þarf að rifta með það fyrir augum að tryggja fiskimiðin fyrir rányrkju og ofveiðum. Rányrkju íslendinga þarf sömuleiðis að stöðva.
3. Stefna ber að fullum og óskoruðum yfirráðum íslendinga yfir 200 mílna pólitískri landhelgi, jafnt sem fiskveiðilögsögu.

Framhald á baksíðu

Hagsmunir NATO skipa æðsta sess hjá Geir

Þeir samningar sem nú standa fyrir dyrum munu hafa í för með sér atvinnuleysi á Íslandi þegar fram í sækir. Samningarnir við breta nú eru gerðir til þess að tryggja hagsmuni NATO og hagsmunir íslenskrar alþýðu eru bornir fyrir borð, enda ósamrýmanlegir hagsmunum NATO. Aðdragandi samninganna er skýr, ofbeldi breta hefur vakið margan íslending sem áður var fylgjandi NATO-aðild, fjöldi fólks snýst nú í fyrsta sinn gegn veru landsins í þessu "varnarbandalagi."

Aðgerðir herstöðvaandstæðinga öðlast geysifylgi og tilraunir Sjálfstæðisflokksins til þess að halda landhelgismálinu aðskildu frá NATO-aðildinni býður hnekki.

Það er augljóst að ef samningar sem bretar geta sætt sig við verða ekki gerðir núna þá mun ofbeldi þeirra á miðunum aukast. Fréttir um undirbúning þeirra þar að lútandi eru ótvíræðar.

Sú þróun mála mundi örugglega auka enn andstöðuna gegn NATO-aðildinni og líklega myndi hver sú ríkisstjórn sem hygðist halda henni til streitu falla.

För Einars Ágústssonar á ráðherrafund NATO og gangur mála þar sýnir að páfar einokunarauðvaldsins íslenska hafa lagt til atlögu, til þess að reyna að bjarga "heiðri" NATO og að koma í veg fyrir vöxt andstöðunnar.

Einar fór ekki til að "rífa kjaft" eins og hann sagði sjálfur - HANN FÓR TIL ÞESS AÐ SEMJA VIÐ NATO-FÉLAGA SÍNA OG TRYGGJA HAGSMUNI BANDALAGSINS -HANN FÓR TIL ÞESS AÐ VINNA GEGN HAGSMUNUM ÍSLENSKS VERKALÝÐS!

Einar og Geir Hallgrímsson hika ekki við að éta allt ofan í sig sem þeir hafa áður sagt. Þeir eru reiðubúnir til þess að fallast á samninga sem grafa undan lífsbjörg íslensks verkalýðs. Þeir fara í einu og öllu að eins og NATO best hentar, þess vegna eru þeir andstæðingar íslenskrar alþýðu.

Verk þeirra þola ekki dagsljósið, þess vegna er allt þetta laumuspil með samningana. EN SAMT ER DEGINUM LJÓSARA AÐ SAMNINGARNIR VIÐ BRETA ERU ÓSAMRÝMANLEGIR HAGSMUNUM ÍSLENSKRAR ALÞÝÐU.

Látum því ekki undan ofbeldi breska auðvaldsins og svikamakki þess íslenska; verkafólk - fylkið ykkur undir kröfurnar:

ENGA SAMNINGA!

FULL YFIRRÁÐ YFIR 200 MÍLUNUM!

ÍSLAND FYRIR ÍSLENSKAN VERKALÝÐ OG VINNANDI ALÞÝÐU!

ÁRANGURINN MÁ EKKI FRÉTTAST

31/5. Fyrir skömmu birtist frétt í morgunútvarpi um veiðar bresku togaranna hér við land frá miðjum febrúar fram í miðjan maí. Fréttin var aðeins lesin í morgunútvarpi, en ekki í 10 fréttum né hádegisfréttum. Það var full ástæða fyrir íslenskt auðvalds, sem nú hyggst ganga til samninga við breskt auðvald, að banna þessa frétt. Þær tölur sem birtar voru, komnar frá breska sjávarútvegsráðuneytinu, sýna að veiðar þeirra undir herskipavernd hafa fært þeim lítinn afla og verið mjög kostnaðarsamar.

Aflatölurnar, sem voru lesnar aðeins einu sinni, voru á þessa leið:

Þorskur:	14.230 t.
Áætl. afli:	17.437 t.
Afli alls:	17.682 t.
Áætl. afli:	24.430 t.

Þessar tölur þýða að ársafli hefði verið um 70.000 tonn, og að ekki hefur tekist að ná áætluðum afla. Upphaflega bauð íslenska auðvaldið því breska 80.000 tonna ársafla, en því höfnuðu þeir. Tölurnar sem nú eru birtar segja ekki alla söguna samt. Þær eru eins háar og mögulegt var að pína þær, kunnugir telja að hluti þessa afla sé í raun ekki frá Íslandsmiðum, heldur sé hann fenginn við Færeyjar. Tilgangur bresku ríkisstjórnarinnar með þessu er sá að reyna að falsa árangurinn af veiðiþjófnaði þeirra hér við land.

Til þess að fá þennan afla hefur breska útgerðin þurft að gera út um 70 togara, því að samkvæmt fréttum hafa að meðaltali verið tæplega 40 togarar að veiðum og það þýðir að um 70 togarar stunda miðin. 30 eru á siglingu til og frá miðunum.

Íslenska ríkisstjórnin, sem nú gengur til samninga um réttindi breska auðvaldsins til þess að stunda veiðar hér við land, vill ekki að þessar tölur nái til almennings. Hagsmunir NATO og gróðahagsmunir íslenska einokunarauðvaldsins eru í veði - þá er logið og blekkt eins og mögulegt er.

Íslenskt auðvalds svarar ekki ofbeldi breska auðvaldsins eins og vera ber vegna þess að hagsmunir þess eru tengdir framhaldandi aðild að NATO - það er aðeins íslensk alþýða sem getur svarað ofbeldi breska auðvaldsins eins og vera ber. Fjöldabarátta er eina leiðin. Keflavíkurgangan 15. maí sýndi að sú barátta er að hefjast.

GEGN OFVEIÐI - GEGN SAMNINGUM

SAMNINGARNIR

Það eina sem hefur hingað til hindrað íslensku borgarastéttina í að semja við breta er einhuga andstaða íslenskrar alþýðu við alla saminga sem fela í sér afsal á auðæfum hennar. Samhliða samningamakkinu í Osló hafa borgararnir undirbúið jarðveginn fyrir aflátssamninga með lýgum og falstölum. Það hefur verið gert að höfuðmáli hvort bretar gefi út einhverskonar málamyndayfirlýsingu um að þeir viðurkenni 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar í orði. Hitt skiptir víst minna máli hverju verði slík yfirlýsing er keypt.

Samningsuppkastið (sem sænska útvarpið fullyrti að væru tillögur Geirs en ekki Crosslands) gerir ekki ráð fyrir neinum hámarksafla til handa bretum. Engar hömlur eru settar á smáfiskadráp þeirra þrátt fyrir það að megin uppitstaða aflans hjá þeim hefur verið þriggja ára ókynþroska þorskur sem Hafrannsóknarstofnun og Rannsóknarráð ríkisins hafa krafist að verði algerlega friðaður.

Látið er nægja að verja miðin næst landi fyrir ásókn auk þess sem aldrei mega fleiri en 26 togarar vera á Íslandsmiðum í einu. Miðað við meðalafla á úthaldsdag hjá breskum togurum í fyrra þýðir þetta rúmlega 70 þús. lesta ársafla eða 35-40 þús. lestir þá 6 mán. sem um er að ræða. Hér er um svo fífurlegt aflamagn að ræða að ríkisstjórnin þorir ekki að setja það inn í sjálfan saminginn af ótta við reiði íslenskrar alþýðu, heldur reynir að fela sig bak við fullyrðingar um að þetta sé mun minna aflamagn en bretar geti veitt í skjóli ofbeldis.

Þessi fullyrðing varð hins vegar næsta hjáróma þegar breska ríkisstjórnin (þ.e. breska landbúnaðarráðuneytið sem fer með sjávarútvegsmál) birti í síðustu viku tölur um aflamagn á Íslandsmiðum frá miðjum febrúar og fram í miðjan maí.

Á þessu tímabili varð heildarafli bretanna hér 17.682 tonn, þar af 14.229 tonn af þorski skv. skýrslu ráðuneytisins. Þessi afli er um 30% minni en bretar ætluðu sér að fá á þessum tíma og stefndu þá á 100 þús. tonna ársafla. Þetta tímabil voru allir togarar sem sjófærir voru settir á flot. A.m.k. 90 togarar hafa verið bundnir við þessar veiðar þar sem um 40 togarar voru að staðaldri að veiðum og fróðir menn telja að tæplega helmingur tíma togaranna fari í ferðir og landanir. Auk þess kostuðu bretar gífurlegum fjármunum til "verndar" togurunum með því að senda hingað hátt á annan tug "verndarskipa" og dráttarbáta.


Margt bendir þó til þess að aðeins hluti þessara 17 þús. tonna hafi raunverulega verið veiddur við Íslandsstrendur, heldur hafi togararnir komið við á Færeyjamiðum og fyllt sig á leiðinni heim. A.m.k. gefur breska landbúnaðarráðuneytið ekki upp neina aflaaukningu breskra togara við Færeyjar þrátt fyrir að færeyskir sjómenn kvarti mjög yfir stjóraukinni ásókn breskra togarar þar. Samningsuppkastið felur því í raun í sér heimild handa bretum til að veiða mun meira magn, með næstum helmingi minni flota, næstu 6 mánuði en þeim tókst í skjóli hernaðar ofbeldis fyrri helming ársins.

Enn er ótalið eitt atriði samningsuppkastsins sem berjast verður harkalega gegn. Það er ákvæðið um rétt EBE til að ráðskast með landhelgi aðildarríkja sinna. Slíkur samningur yrði sem hnífstunga í bak breskra sjómanna sem heyja nú baráttu fyrir friðun sinna eigin fiskimiða og gegn ofveiði einnlendra sem erlendra burgeisa. Í dag nýta breskir sjómenn aðeins liðlega þriðjung þess afla sem veiðist innan 200 mílna frá ströndum Bretlands. Baráttan fyrir ískertum yfirráðum okkar yfir 200 mílna landhelgi er um leið barátta fyrir hagsmunum breskra sjómanna og allrar alþýðu eins og Roger Bibbings fulltrúi Kommúnistaflokks Bretlands (ml) sagði 1. maí síðastliðinn á fundi Baráttueiningar í Reykjavík.

RÁNYRKJAN

Í "svörtu skýrslunni" sem unnin var af Hafrannsóknarstofnun sumarið 1975 kemur fram að slík ofnýting er á þorskstofninum íslenska, að fiskifræðingarnir lögðu til að á árinu 1976 yrði aflamagnið takmarkað við 230 þús. tonn. Nýrri upplýsingar og rannsóknir valda því að margir fiskifræðingar telja nú að 150-180 þús. tonna afli sé nær sanni sem leyfilegur hámarksafli. Þar sem ókynþroska fiskur (yngri en 6-7 ára) er orðinn meginuppistaða aflans er mjög vaxandi hætta á að hrun stofnsins sé á næsta leyti verði þessum ábendingum ekki sinnt.

Við skulum minnast þess að annar síldarstofninn sem hrundi upp úr 1966 (þ.e. svonefnd Faxaflóssíld eða vorgotsíld) hefur enn ekki náð sér aftur þrátt fyrir margra ára algera friðun.



"Línuritin sýna hvernig skipulagslaus sókn í síldar- og þorskstofnana hefur leikið kynþroska hluta þeirra. Þegar hrygningastofn er kominn í visst lágmark verða líkurnar á því að klak takist mjög litlar og því tekur langan tíma að ná stofni sem þannig er ástatt um upp í eðlilega stærð."

Það hefði mátt ætla að hin bitra reynsla af eyðingu síldarinnar hefði kennt íslensku borgarastéttinni að hófleg nýting fiskistofnanna er gifturíkust. En svo er ekki. Það er ekki eðli auðvaldsins að hugsa um langtímahagsmuni alþýðunnar, heldur ræður sú regla að sölsa undir sig sem mest á sem skemmstum tíma, þ.e. sóknin í hámarksgróðann. Þess vegna undirbýr auðvaldið nú, þegar eyðing þorsks og ýsustofnanna virðist á næsta leyti, stóraukna sókn í þá stofna sem komast næst þeim að aflaverðmæti þ.e. karfa og ufsa. Þrátt fyrir þessa sókn í aðrastofna hyggjast borgararnir ekki draga úr sókninni í þorskinn. Þjóðhagsstofnun gerir ekki ráð fyrir minnkandi þorskafla og hinn "gallharði" sjávarútvegsmálaráðherra okkar Matthías Bjarnason ítrekar í fjölmiðlum að "leyft skuli að veiða 280 þús. tonn á þessu ári.

YFIRVOFANDI ATVINNULEYSI

Eins og áður greinir er sóknin í þorskstofninn langt umfram það sem álitið er að stofninn þoli. Línuritið sýnir hvernig afleiðing hliðstæðrar ofveiði á norsk-íslenska síldarstofninum varð algert hrun hans, og hvernig útlitið er hjá þorskstofninum.

Það er tómt mál að tala um það að aðrir verðmætir fiskistofnar geti tekið við þeirri sókn sem nú er beint í þorskinn, m.a. vegna þess að: a. Aðrar fisktagundir eru flestar þegar ofnýttar og b. Sú skammsýni sem ríkt hefur í fjárfestingum í íslenskum sjávarútvegi hefur leitt til þess að frystihús landsins eru ófær um að vinna "nýjar" fisktegundir í einhverjum mæli (t.d. karfa og spærling). Vélvæðingin hefur fyrst og fremst miðast við þorsk. Að breyta frystihúsunum og kaupa ný veiðarfæri krefst gífurlegra fjárfestinga. Vegna ástands fiskistofnanna nú yrði sú uppbygging að verða á mjög skömmum tíma. Við höfum reynslu af því í sambandi við skuttogarakaupin hverjir það eru sem munu borga slíka uppbyggingu.

Það er augljóst að bátaútgerð mun dragst saman ef óbreyttri stefnu er fylgt, og um leið öll vinna við fiskverkun. Mörg frystihús munu loka, ýmist tímabundið (flest frystihúsanna á Snæfellsnesi munu verða lokuð í sumar) eða alveg.

Hættan á lamandi atvinnuleysi í fiskiðnaði og síðar í öðrum stvinnugreinum vofir yfir.

GEGN ÖLLUM SAMNINGUM UM AFSAL Á AUÐLINDUM OKKAR

FULL YFIRRÁÐ YFIR 200 MÍLUNUM

AFHJÚPUM ÍSLENSKA AUÐVALDIÐ

Framhald af baksíðu

YFIRLÝSING MIÐSTJÓRNAR

Þetta er sérlega mikilvægt, þar sem styrjaldarhættan og yfirgangur beggja risaveldanna - USA og Sovét - færist í vöxt á N-Atlantshafssvæðinu.

Bresku herskipin verða skilyrðislaust að hverfa á braut án þess að samið verði við breta. Ísland - auðlindir þess og landsgæði - tilheyra íslenskum verkalýð og vinnandi alþýðu með réttu. Þess vegna fordæmir miðstjórn KFÍ/ML framferði ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Fundur miðstjórnar í Reykjavík 27/5 '76.

Miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands/ML.

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.